

Dagbók Sveinbjarnar vikuna 17.-21.nóv.2008

Vikuna 17. – 21. nóvember dvaldi Sveinbjörn á Reykjum í Hrutafirði með 7. bekk. Hann tók fullan þátt í því sem var að gerast hjá krökkunum og ætlum við að segja frá því hér.



Mánudagurinn 17. nóv.

Við lögðum af stað frá Flataskóla kl. 9:00 árdegis og Sveinbjörn sat hjá Helenu stuðningsfulltrúa á leiðinni norður. Hann naut útsýnisins í ferðalaginu. Fysta daginn tók hann því rólega og hvíldi sig á herbergi kennarans.



Þriðjudagurinn 18. nóv.

Sveinbjörn svaf út en fór með krökkunum í vinnu eftir hádegi m.a. í stöðvaleik með krökkunum. Hann kom svo með okkur í kvöldmat og fékk hakk og spaghetí þann daginn. Um kvöldið kom hann svo með á kvöldvöku. Það var mikið fjör. Þessa nótt svaf hann hjá Helga í 7. AH

Miðvikudagurinn 19. nóv.

Þessum degi eyddi hann með Helenu og Hildigunni í 7. RF. Var dagurinn langur og stangur en mjög skemmtilegur. Hann byrjaði í morgunmat og svo var smá frjáls tími. Eftir það fór hann í Byggðasafnið og var þar til hádegis. Þar fræddist hann um gamla siði og hákarla. Í hádeginu fór hann með stelpunum í mat og var fiskur á boðstólnum. Þegar matnum var lokið var aftur frjáls tími sem hann nýtti til að hvíla sig. Klukkan 14:00 fór hann í fjöruferð og síðan í náttúrfræðistofuna að skoða alls



konar sjávardýr, bara gaman. Hann kom svo með okkur í mat og loks á kvöldvöku. Þessari nótt eyddi hann með Helenu og Hildigunni.



Fimmtudagurinn 20. nóv.

Þessum fína degi var Sveinbjörn með Leu í 7. GA. Eins og alltaf fór hann fyrst í morgunmat og svo skellti hann sér í íþróttir en fékk því miður ekki að fara með í sund. Eftir hádegið fönðraði hann með stelpunum. Hann tók virkan þátt í hárgreiðslukeppninni. Um kvöldið fór hann á kvöldvöku sem endaði með alveg frábæru diskóteki.

Föstudagurinn 21. nóv.

Dagurinn var tekinn snemma eins og alltaf. Fannar Steinn sá um að klæða hann í fötin þennan morgun og kom honum svo til kennarans. Sveinbjörn fór í kveðjuhóf með henni Guðrúnu og Mæju. Hann var í hádegismat með þeim og lagði síðan af stað heim kl.12:00.

Hann skemmti sér vel og var mikið gaman að hafa hann með☺

Nemendur úr 7. bekk veturinn 2008-2009

